

9. stjórnarfundur Félags íslenskra náttúrufræðinga

Mánudagurinn 8. desember 2019, kl. 11:30 -13:30 að Borgartúni 6

Fundinn sátu: Ásdís Benediktsdóttir, Bergrún Arna Óladóttir, Björg Helgadóttir, Einar Hjörleifsson í fjarfundarbúnaði, Friðbjófur Árnason, Guðrún Nína Petersen, Hafdís Sturlaugsdóttir í fjarfundarbúnaði, Haraldur Rafn Ingvason, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Pétur Halldórsson, Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Una Bjarnadóttir og Porkell Heiðarsson

Fundarritari: Rakel Júlía Sigursteinsdóttir

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Kl. 12:00 Niðurstaða Félagsdóms vegna menntunarákvæða og næstu skref
2. Kl. 12:15 Fundargerð síðasta fundar og fundargerðir fyrir vefsíðu
3. Kl. 12:20 Nýir félagsmenn
4. Kl. 12:25 Rekstraráætlun 2019
5. Kl. 12:35 Af vettvangi BHM
6. Kl. 12:45 Staða kjarasamninga

Til kynningar:

7. Kl. 13:10 Húsnæðismál
8. Kl. 13:20 Önnur mál
 - a) Tillaga að næsta fundi stjórnar FÍN: 13. janúar 2020.

Áætluð fundarslit kl. 13:30

Fundargerð (samantekt fyrir vefsíðu félagsins)

1. Niðurstaða Félagsdóms vegna menntunarákvæða og næstu skref. Runólfur Vigfússon fór yfir niðurstöðu Félagsdóms. Næstu skref verða veita félagsmönnum aðstoð við að sækja þær launahækkningar sem félagsmenn eiga mögulega inni hjá vinnuveitanda. Stjórn þarf að taka ákvörðun um það. Samþykkt að senda viðkomandi vinnuveitendum áskorun. RV fer í gegnum bréfið með áskoruninni á fundinum.
2. Fundargerð síðasta fundar og fundargerðir fyrir vefsíðu. Frestað.
3. Nýir félagsmenn. Samþykktir voru 8 aðilar með fulla aðild. Einn óskaði eftir gestaaðild, en dró umsókn sína til baka.
4. Rekstraráætlun 2019. Farið var yfir rekstraráætlun félagsins, 3. ársfj. Staða félagsins góð.
5. Af vettvangi BHM. Rædd var umsögn BHM vegna menntasjóðs námsmanna. Upplýst um stöðu vinnustaðgreiningar á vinnustaðnum Borgartún 6.
6. Staða kjarasamninga. Farið var yfir fylgiskjal 1 um styttingu vinnuvikunnar hjá ríkisstarfsmenn sem á við dagvinnufólk sem hefur verið samþykkt af aðilum. Óbreytt staða hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en fundur verður með Reykjavíkurborg í vikunni.
7. Húsnæðismál. Í ljós hefur komið leki og mygla á 4 hæð og því munu framkvæmdir á 3.hæðinni eitthvað dregast vegna þess.
8. Önnur mál
 - b. Næsti fundur stjórnar FÍN: 6. janúar 2020.

Fundi slitið 13:40